

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Skjal: F1802004
Reykjavík, 2. mars 2018

Umsögn

Þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta
50. mál, þingsályktunartillaga, 148. löggjafarþingi 2017-2018.

Félag um foreldrajafrétti fagnar og styður þingsályktunartillögu um þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta.

Foreldrajafrétti og jafn réttur karla og kvenna í atvinnulífinu er sitt hvor hliðin á sama teningnum. Hvor hliðin um sig hefur áhrif á hina. Lægri laun kvennastétta er stór áhrifaþáttur varðandi það að konur taka frekar að sér ábyrgð á heimilisstörfum og umönnun barna á meðan karlar taka meiri ábyrgð á framfærslu fjölskyldunnar.

Það er álit okkar hjá Félagi um foreldrajafrétti að konur eigi að hafa sömu tækifæri til að taka ábyrgð á framfærslu fjölskyldunnar og karlar og að karlar eigi að hafa sömu tækifæri til að taka ábyrgð á heimilisstörfum og umönnun barna og konur.

Í BA ritgerð undirritaðs, "Framfærsluskyldur foreldra sem ekki búa saman. Opinber stuðningur við barnafjölskyldur" (2013), kemur fram hvernig opinber stuðningur við barnafjölskyldur er í andstöðu við fjölskyldustefnu stjórnvalda þegar foreldrar barns búa ekki saman. Fyrirvinnuskipan (e. breadwinner model) leggur áherslu á hjónabandið þar sem eiginmaðurinn sér um framfærsluna en eiginkonan sér um umönnun barna. Einstaklingsskipan (e. individual model) leggur áherslu á réttindi einstaklinga án tillits til kyns eða hjúskaparstöðu þar sem feður og mæður sinna hvoru tveggja atvinnuþátttöku og umönnun barna. Fjölskyldustefnan hefur tekið breytingum á síðustu áratugum frá því að vera byggð á fyrirvinnuskipan og yfir í nútíma fjölskyldustefnu sem byggir á einstaklingsskipan.

Það að við búum enn við að svokallaðar kvennastéttir séu ekki sambærilegar öðrum stéttum hvað laun varðar er í samræmi við fyrirvinnuskipan og þar með í andstöðu við fjölskyldustefnu stjórnvalda sem leggur áherslu á rétt einstaklinga til að eigin framfærslu.

Fyrir hönd Félags um foreldrajafrétti,



Heimir Hilmarsson, formaður